

Tímarit hjúkrunarfræðinga er mikilvægur vettvangur umræðu um hjúkrunar- og heilbrigðisþjónustu, bæði fræðin og starfið



Aðalbjörg Stefania Helgadóttir, formaður ritnefndar Tímarits hjúkrunarfræðinga.

Kæru lesendur!

Forsíðu þessa tölublaðs prýðir ljósmynd Margrétar Kristjánsdóttur af sólsetri við neyðarsjúkrahús Rauða Krossins í Bangladesh. Hún fangar fegurð augnabliksins við aðstæður og þrengingar sem almennt eru okkur huldar, en hjúkrunarfræðingum er fátt sem viðkemur mannlegri velferð óviðkomandi. Í krafti þekkingar og með fagmennsku, umhyggju og virðingu að leiðarljósi stígum við inn í aðstæður til að hjúkra, auka lífsgæði og gera tilveru skjólstæðinga okkar eins góða og mögulegt er. Stundum eru hvorki þarfar skjólstæðinganna augljósar né heldur mest viðeigandi hjúkrunin. En líkt og Margrét sér fegurðina í kvöldroðanum búum við yfir færni til að nema orðin sem ekki eru sögð, áföllin sem líkaminn tjáir og þjáninguna sem hvílir í augnatillitinu. Þetta er mikilvægur færniþáttur í hraðri heilbrigðisþjónustu nútímans. Þar leika hjúkrunarfræðingar lykilhlutverk og með yfirsýn og hugrekki leitum við allra leiða til að gera þjónustu við skjólstæðinga þá bestu sem völ er á.

Tímarit hjúkrunarfræðinga er mikilvægur vettvangur umræðu um leiðir að bestu mögulegu hjúkrunar- og heilbrigðisþjónustu auk alls annars sem viðkemur hjúkrun, bæði fræðin og starfið, og í þessu fyrsta tölublaði ársins 2018 kennir ýmissa grasa. Við fræðumst um sjúkrarúm og þrýstingssáravarnir á smitsjúkdómadeild; lyfjavinna og lyfjaöryggi hjúkrunarfræðinga er til umfjöllunar, auk hæfniviðmiða í bráðahjúkrun á Landspítala. Gerð er grein fyrir niðurstöðum könnunar á starfsumhverfi og álagi í starfi hjúkrunarfræðinga, sem var fyrst kynnt á fjölsóttu málþingi Fih þann 28. febrúar sl. Við kynnumst rannsóknaráherslum dr. Rannveigar Jónasdóttur nýdöktors í hjúkrunarfræði og tveir nýir fræðslubæklingar eru kynntir. Annars vegar um heilabilun og hins vegar um örugga dvöl á sjúkrahúsi. Einnig eru viðtöl við hjúkrunarfræðinga um starfið þeirra og nýjungar í hjúkrunarfræði. Fimm ritrýndar greinar birtast í blaðinu, sem er ekki aðeins fengur fyrir höfunda, heldur einnig fræðigreininna í heild sinni.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sem tóku þátt í vinnslu blaðsins á einn eða annan hátt fyrir frábært samstarf. Þá sérstaklega vil ég þakka Hildi Björgu Hafstein sem ásamt Helgu Ólafs ritstjóra á veg og vanda af ritstjórn þessa tölublaðs.

Hver sem starfsvettvangur hjúkrunarfræðinga er eigum við það sameiginlegt að búa yfir löngun til að auka farsæld fólks. Til að vera fær um það þurfum við að byrja á því að annast um okkur sjálf. Ég vil því óska lesendum Tímarits hjúkrunarfræðinga gleðilegs sumars með einlægri ósk um að sumardagarnir megi vera ykkur endurnær-ing og vettvangur hlýrra minninga og fagurra augnablika.

TÍMARIT HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík

Sími 540 6405

Netfang ritstjóri@hjukrun.is

Vefsíða www.hjukrun.is

Útgefandi: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Sími skrifstofu 540 6400

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Helga Ólafs / Hildur Björg Hafstein. Ritnefnd: Aðalbjörg Stefania Helgadóttir, Ásta Thoroddsen, Dóróthea Bergs, Margrét Hrönn Svavarsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir, Þorgerður Ragnarsdóttir, Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir. Forsíðumynd: Margrét Kristjánsdóttir. Ljósmyndir: Herdís Lilja Jónsdóttir o.fl. Yfirlestur og próförk: Ragnar Hauksson og Ingunn Sædal. Auglýsingar: Margrét Rafnsdóttir og Markaðsmenn ehf. Hönnun og umbrot: Egill Baldursson ehf.

Tekið er á móti efni til birtingar á netfanginu ritstjóri@hjukrun.is. Leiðbeiningar um ritun fræðslu- og fræðigreina er að finna á vefsíðu tímaritsins.

ISSN 2298-7053